



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 24. október 2023
2310036 JFK

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu vegna frumvarps til laga um Mannréttindastofnun Íslands, 239. Mál

Jafnréttisstofa þakkar fyrir tækifærið til að koma meðfylgjandi umsögn á framfæri. Stofan fagnar framlagningu þessa frumvarps og hvetur til þess að það verði samþykkt. Hér að neðan eru þær athugasemdir sem stofan hefur.

Jafnréttisstofa telur það hlutverk sem Mannréttindastofnun Íslands er falið varðandi mannréttindaeftirlit sérstaklega mikilvægt þar sem engin íslensk stofnun hefur slíkt hlutverk með höndum þrátt fyrir að Ísland hafi skuldbundið sig til að framfylgja mikilvægum mannréttinasáttmálum. Þá bendir Stofan á að samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum hefur Ísland þegar skyldu til þess að setja á fót mannréttindastofnun sem uppfyllir Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna. Þá kveður samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks á um að til staðar þurfi að vera mannréttindastofnun sem er ætlað það hlutverk að hafa eftirlit með samningnum. Er því um að ræða skref sem Ísland hefur þegar skuldbundið sig til þess að stíga, og raunar sætt gagnrýni og athugasemdum fyrir að svo hafi ekki þegar verið gert.

Til þess að Mannréttindastofnun Íslands geti fyllilega sinnt því hlutverki sem henni er falið er mikilvægt að Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna séu uppfyllt á þann hátt að stofnunin fái A-vottun. Með tilliti til þess tekur Jafnréttisstofa undir þau sjónarmið að Mannréttindastofnun heyri undir Alþingi og sé þannig óháð framkvæmdavaldinu.

Jafnréttisstofa telur rétt að áréttu að ætlað hlutverk og eðli Mannréttindastofnunar Íslands og Jafnréttisstofu er í grunninn ólíkt. Jafnréttisstofa er undirstofnun forsætisráðuneytisins og annast stjórnslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög nr. 150/2020, 85/2018 og 86/2018. Stór hluti verkefna Jafnréttisstofu geta kallað á stjórnvaldsákvarðanir s.s. höfnun á staðfestingu á jafnréttisáætlun, höfnun á veitingu jafnlaunastaðfestingar eða beitingu dagsekta og þ.a.l. leitt til stjórnslukæru. Líkt og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins þá er Mannréttindastofnun Íslands ekki ætlað úrskurðarvald og ekki gert ráð fyrir að stofnunin taki til meðferðar kvartanir frá einstaklingum. Það er því ljóst að eðlismunur er á ætluðu hlutverki



Jafnréttisstofa

Mannréttindarstofnunar og því eftirlits hlutverki sem Jafnréttisstofa hefur samkvæmt lögum.

Jón Fannar Kolbeinsson

lögfræðingur